

Ársskýrsla Byggðasafns Vestfjarða 2009



Starfsemi safnsins

Starfsemi Byggðasafns Vestfjarða var með hefðbundnum hætti á árinu. Safnið opnaði formlega um mánaðamótin maí-júní, en hafði verið opið frá því um miðjan maí. Opnunartími var í júní, Júlí og ágúst frá kl 10-18, en í September frá 10-17. Safnið var opið fram undir miðjan september, en þá var öll aðsókn dottin niður. Eftir það var aðeins opið eftir samkomulagi.

Aðgangseyrir var **500 kr, 350 kr** fyrir ellilífeyrisþega og farþega á vegum Vesturferða.



Þrír sumarstarfsmenn voru ráðnir til að sinna yfirsetu, Gunnar Jónsson, Valdimar Olgeirson og Rannveig Jónsdóttir .

Fram til 1. mars vann Lísbet Harðardóttir að skráningu í Sarp auk þess sem hún vann að því að koma húsakönnun Ísafjarðar á tölvutækt form. Hún var ráðin með styrk frá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða.

Alls voru gestir safnsins um 8933 skv. talningu, þ.e. þeir gestir sem komu í safnið í Neðstakaupstað, og þá eru ótaldir þeir sem komu á Hrafnseyri, Ósvör og í Vigur, en þar eru einnig munir á vegum Byggðasafnsins. Að venju voru það gestir af erlendum skemmtiferðaskipum sem voru meginuppistaða gesta safnsins, Alls voru þeir að þessu sinni 3088, eða um 37 % og þá eru bara taldir þeir sem komu í skipulögðum rútuferðum í Neðstakaupstað. Auk þess má gera ráð fyrir a.m.k 5 -10 % til viðbótar, og eru þeir þá orðnir tæplega helmingur af gestum safnsins. Það gefur því auga leið að koma skipanna til Ísafjarðar hefur gríðarlega mikið að segja fyrir starfsemi safnsins og afkomu þess. Alls voru það 27 skemmtiferðaskip sem komu til Ísafjarðar í sumar og af þeim voru það 22 sem voru með skipulagðar rútuferðir í safnið. Stærsti aðsóknardagur sumarsins var þann 3 júlí og komu þann dag 523 gestir í safnið.

Listi yfir þau skip er komu til Ísafjarðar sumarið 2009.

Dags	Heiti skips	Stærð	Farþegafjöldi um borð
30.5.2009	Funchal	9.563	500
5.6.2009	Spirit of Adventure	9.570	352
12.06.2009	Breamar	28.338	807
13.06.2009	Azamara Journey	30.277	866

Ársskýrsla Byggðasafns Vestfjarða 2009

18.06.2009	Amadea	28.717	604
25.06.2009	Spirit of Adventure	9.570	352
25.06.2009	Artemis	44.348	1.500
3.07.2009	Thompson Spirit	33.930	1.350
5.07.2009	Amadea	28.717	604
8.07.2009	MV Vistamar	7.478	500
11.07.2009	MV Adriana	4.591	312
14.07.2009	MV Kristina Regina	3.878	250
15.07.2009	Delphin	16.248	556
17.07.2009	Silver Cloud	16.927	296
21.07.2009	Prinsess Danae	16.531	500
22.07.2009	Amadea	28.717	604
30.07.2009	MV Vistamar	7.478	500
31.07.2009	Prinsendam	37.983	800
1.8.2009	Funchal	9.563	500
3.8.2009	Maasdam	55.451	1.266
5.8.2009	Tahitian Princess	30.277	826
6.8.2009	MV Kristina Regina	3.878	250
7.8.2009	Alexander Von Humbolt	12.449	350
14.8.2009	Saga Rose	24.588	587
18.8.2009	Rotterdam	60.874	1.653
21.8.2009	Black Watch	19.089	727
10.9.2009	Tahitian Princess	30.277	826



Minjagripasala var ekki mikil, helst voru það póstkort sem seldust, og var nokkuð góð sala í þeim.

Settir voru upp fánar á ljósastaurana sem liggja að leguplássi skemmtiferðaskipanna við Sundahöfn, til að reyna að fanga meiri lausatraffík úr skipunum, og beina henni niður í Neðstakaupstað í stað þess að hún hefur legið upp í bæ. Fékkst góðfúslegt leyfi til þess hjá Orkubúi Vestfjarða og Ísafjarðarbæ. Verður þetta gert aftur á næsta ári. Að sumri loknu voru fánarnir teknir aftur niður.

Skemmst er frá því að segja að þetta virtist virka vel og skilaði ótvírætt miklum fjölda ferðamanna til safnsins. Einnig voru keypt tvö götuskipti og sett upp annarsvegar við þjónustuhús á hafnarbakka og við upplýsingamiðstöðina.

Að vanda sá Morrinn um ýmis skemmtiatriði þegar skemmtiferðaskip voru. Sú nýbreytni var á í sumar að ekki var flutt tónlist af diskum, heldur var einungis flutt lifandi tónlist, og voru það þeir Halldór Smáráson og Halldór Sveinsson sem sáu um tónlistarflutninginn.

Í vor kom 6 bekkur í heimsókn á safnið í samfélagsfræðikennslu. Voru krakkarnir að læra ýmislegt varðandi víkinga og báta, og komu þeir á safnið til að kynna sér efni varðandi það.

Sumarið 2009 var haldinn á Íslandi skátaviðburðurinn Roverway 2009. Fólst hann í því að skátar víðsvegar að úr heiminum komu til Íslands, og þar var þeim skipt upp í 20-30 manna hópa sem fóru svo út um landið og unnu allkyns sjálfbæðastörf til góða fyrir samfélagið. Þess var farið á leit við Byggðasafnið að finna eitthvað verkefni fyrir þennan stóra hóp, og var ákveðið að nýta hann til að mála bátana í Neðstakaupstað, þá Örn og Tóta sem eru á baklóð safnsins.

Björn Jóhannesson lögfræðingur útbjó fyrir safnið samning um sameiginleg bátaafnot. Það koma upp þau tilfelli að einhverjir vilja gefa bát sinn á safnið en þó með þeim möguleika að geta sjálfir notað hann í einstaka tilfellum. Þessi samningur tekur á því og afmarkar skyldur safns og eiganda.

Keyptur var bíll fyrir safnið, Hyundai sendibíll fyrir 450.000 kr.

Harmonikusafnið



Harmonikusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar stækkar og dafnar, og í árslok 2009 voru harmonikurnar orðnar 162 talsins. Ásgeir er vakinn og sofinn yfir því og hefur umsjón þess og söfnun verið mikið í hans höndum þó að starfsmenn safnsins hafi aðstoðað hann eftir föngum við útskipti á sýningu o.fl..


Merkileg harmonika bættist í safnið á árinu, handsníðuð frumgerð eftir Max Luttbeg, er nefnist Cellini Luttbeg, og er hún merkileg fyrir þær sakir að píanóborð er beggja vegna á henni. Harmonikan var keypt á Ebay og hafði Pétur Bjarnason milligöngu um kaupin.

Aðeins voru smíðaðar 12 álíka harmonikur og er þessi ein af sex sem vitað er um í dag, þannig að þetta er sennilega merkilegasta harmonika safnsins. Pétur Bjarnason skrifaði grein í *Harmonikublaðið* um téða harmoniku, og einnig kom RÚV með sjónvarpsfrétt um hana. Harmonikan var í slæmu

ásigkomulagi þegar hún kom til safnsins, brotið grill o.fl. en Ásgeir hefur komið henni í gott stand.

Útgáfa

Ráðist var í útgáfu á nýrri saltfisk uppskriftabók. Hún er mun veglegri en sú sem gefin var út 2005, í harðri kápu og litprentuð. Bókin var gefin út í samstarfi við bókaútgáfuna Opnu. Auk þess að vera uppskriftabók er farið ítarlega í sögu saltfiskverkunarinnar. Fyrsta kastið er hún eingöngu á Íslensku, en fyrir liggur að þýða hana á ensku og þýsku. Þýska þýðingin er því sem næst tilbúin og er það Angela Schamberger sem hefur séð um hana.



Bókin kom út á íslensku og þar eru ýmskonar saltfiskuppskriftir auk þess sem farið er ítarlega í sögu saltfiskverkunarinnar. Bókin var kynnt í saltfiskveislu safnsins í júlí, og er óhætt að segja að hún hafi fengið góðar viðtökur. Reyndist hún vera fjórða söluhæsta bókin í Bókhöðunni á árinu. Auk þess fylgir bókinni geisladiskur þar sem hlýða má á tónlist Saltfisksveitar Villa Valla.

Að venju var gefinn út bæklingurinn Á safnaslóð, þar sem eru upplýsingar um Byggðasafnið og fleiri söfn og sýningar á svæðinu.

Saltfiskveislan

Hin árlega saltfiskveisla safnsins var haldin í Edinborgarhúsinu þann 4 júlí. Að vanda var húsfyllir, og voru það vertarnir í Tjöruhúsinu sem sáu um matseldina að þessu sinni, nema safnmenn sáu um soðninguna. Saltfisksveitin lék fyrir dansi og var gerður góður rómur að bæði mat og tónlist.

Ákveðið var að halda í víking til Reykjavíkur um miðjan nóvember í samstarfi við Sjóminjasafnið Víkina á Granda. Þar var slegið upp saltfiskveislu með öllu tilheyrandi, tónlist að hætti Saltfisksveitarinnar, sólþurrkuðum saltfiski og andi Tjöruhússins sveif yfir vötnum í matseldinni hjá þeim hjónum Magnúsi og Ragnheiði. Veislan var haldin í sal Sjóminjasafnsins og er óhætt að fullyrða að vel hafi tekist til. Húsfyllir var og var gleðskapur fram eftir kvöldi.

Sýningar

Um páskana var haldin sýningin „Ég stend á skíði“ í Rögnvaldarsal í Edinborgarhúsinu, í samvinnu við Ísfirðingafélagið í Reykjavík, og Rakel Sævarsdóttur. Var sýningin hluti af lokaverkefni Rakelar í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. Var þeim veittur ótakmarkaður aðgangur að skíðakosti safnsins og þau aðstoðuð eftir föngum. Á



sýningunni var sýnd þróun skíðaútbúnaðar frá upphafi til okkar daga, bæði hvað varðar skíðin sjálf og einnig fatnaðinn. Ólafur Sigurðsson sem vann að sýningunni með Rakel, veitti Byggðasafninu liðsinni með skráningu á skíðunum og sérþekkingu sinni, og skráði hann talsverðan hluta af skíðakosti safnsins. Um 500 manns komu á sýninguna.

Í Turnhúsinu á efstu hæð, var sett upp sýningin „**Betri er bjallan slitin en hvönnin bitin**“. Sýningin samanstendur af 10 stórum plakötum þar sem gert er grein fyrir helstu hlunnindum sjávarjarða fyrr og nú, selveiði, reka, útræði, dúntekju, hvalreka, eggjatekju, o.fl. Einnig má sjá þar ýmsa muni sem þessu tengjast. Auk þess að vera á íslensku eru plakötin á þýsku og ensku. Þau eru myndskreytt með myndum Jóns Baldurs Hlíðbergs teiknara.



Á aðventunni var sett upp sýningin „**Jólaskeiðin – Íslensk hönnun og smíði 1946-2009**“.

Var sýningin samvinnuverkefni Verslunar Guðlaugs A. Magnússonar, Gull og silfursmiðjunnar Ernu, Hönnunarsafns Íslands, og safnanna í Gamla sjúkrahúsinu Eyrartúni. Á sýningunni voru jólaskeiðar frá Verslun Guðlaugs A. Magnússonar og Gull og silfursmiðjunni Ernu, allt frá árinu 1946 til ársins 2009. Var sýningin uppi til þrettándans.



Farskóli safnamanna

Farskóli safnamanna var að þessu sinni haldinn á Suðurlandi. Yfirskrift skólans nú var

„**SÖFN Á TÍMUM BREYTINGA**“.

Skólinn var settur í Húsinu á Eyrarbakka og skólastjóri var Lýður Pálsson. Mörg fróðleg erindi voru flutt og urðu nokkrar umræður um þau.

Farið var í heimsókn í nokkur söfn, Listasafn Árnesinga, Rjórabúið á Baugsstöðum, Veiðisafnið, Íslenska torfbæinn, Meyjarhofið Móðir Jörð

Helstu erindi voru:

Ragnhildur Vigfúsdóttir fyrsti farskólastjórinn - Upphaf Farskólans og gildi símenntunar þá og nú.

Gildi farskólans persónuleg sýn - Sigrún Ásta Jónsdóttir, Helga Lára Þorsteinsdóttir

Inga Jónsdóttir - Listasöfn á jaðrinum.

Þór Hjaltalín - Hvert á hlutverk safna að vera í varðveislu byggingararfsins?

Haukur Ingi Jónasson - Hlutverk safna í almenningsfræðslu á breytingartímum.

Frosti Jóhannsson - Sarpur og opnun gagnagrunna á veraldarvefinn.

Umræðuhópar:

Hlutverk Farskólans í breyttri mynd safnamenntunar. - Leiðandi í umræðu Ágústa Kristófersdóttir og Sigurjón Baldur Hafsteinsson.

Listasöfn á jaðrinum. - Leiðandi í umræðu Inga Jónsdóttir.

Hvert á hlutverk safna að vera í varðveislu byggingararfsins? - Leiðandi í umræðu Jón Sigurpálsson.

Hlutverk safna í fullorðinsfræðslu á breytingartímum. - Leiðandi í umræðu Alma Dís Kristinsdóttir.

Sarpur og opnun gagnagrunna á veraldarvefinn. - Leiðandi í umræðu Dagný Heiðdal og Gísli Helgason.

Námskeið

Björn Baldursson sótti námskeið á vegum Endurmenntunar HÍ, um öryggismál safna. Þetta var mjög gagnlegt námskeið og var lögð áhersla á að söfn kæmu sér upp öryggishandbók þar sem fram kæmi hvernig bregðast ætti við óvæntum upphákomum af ýmsu tagi, slysum, bruna, vatnstjóni, o.þ.h.

Bátar safnsins

María Júlía BA 156

Allnokkuð var unnið í Maríu Júlíu á árinu. Vélsmiðjan Mjöltnir í Bolungarvík tók að sér að hreinsa af henni allt óþarfa járn og leiðslur, og brjóta steypu af bátadekki. Kom þá í ljós að það er illa farið á köflum. Gerður var samningur við IHF (Icelandic health fish) á Þingeyri um viðgerðina á Maríu, þar sem Hörður Sigtryggsson er í forsvari. Maríu var í framhaldi af því siglt til Þingeyrar í september, undir eftirliti Björgunarfélags Ísafjarðar. Þar hefur verið unnið að því að skoða skrokk skipsins og athuga hvort fúi leynist í honum. Svo reyndist ekki vera. Einnig er verið að rífa innan úr því það sem ónýtt er og seinni tíma viðbætur. Verið er að þurrka skipið innan frá og er það kynt með þremur hitablásurum. Tjaldað var yfir það að hluta til að ekki læki niður í það. Kaupa þurfti ný landfestartóg í Maríu og fékkst góður afsláttur af þeim hjá Ellingsen.

Haft var samband við Víkingaskipssafnið í Hróarskeldu en þar eru upphaflegu teikningarnar af Maríu geymdar. Þeir tóku vel í að láta safninu í té teikningar, skanna þær á disk og senda.

Jóhanna ÍS 159

Magnús Alfreðsson vann í Jóhönnu til vors. Náði hann að ljúka við að byrða skrokkinn, en ekki er byrjað á að setja böndin. Líkur eru á að ekkert verði unnið frekar í Jóhönnu fyrr en vorið 2010, þar sem Magnús er upptekinn í öðrum verkefnum.

Sædís ÍS 67

Lítið var unnið í Sædís á árinu. Hún var tekin upp í slippnum í endaðan apríl, botnhreinsuð og máluð.

Slippur

4 bátar voru teknir upp í slippnum á árinu, Sædís, Páll Helgi, Ásborg og Veiga.

Tækniþjónustu Vestfjarða var falið að gera úttekt á slippnum því hann er farinn að þarfnast viðhalds.

Nýbygging

Í maí var ráðist í það að loka hluta af gólfinu í geymslunni til að hægt væri að nýta efri hæðina fyrir geymslupláss. Setja átti upp hlaupakött í loftið, en vegna seinagangs í afgreiðslu frá þeim aðilum er sáu um burðarþolsteikningar hússins, náðist ekki að setja hann upp á árinu.

Umsóknir

Sótt var um styrki til Menningarráðs Vestfjarða. Þar fékkst styrkur til verkefnisins Gullkistan að upphæð 300.000 kr.

Sótt var um styrki til Fjárlaganefndar til viðgerðar á bátum og einnig til nýbyggingar safnsins í Neðstakaupstað. Til bátaviðgerða fengust 3,5 milljónir og var framlagið ekki eyrnamerkt hverjum bát fyrir sig eins og áður.

Til áframhaldandi uppbyggingar á safnhúsi í Neðstakaupstað fékkst ekkert framlag.

Hjálmar Rögnvaldur Bárðarson

Þann 7 apríl 2009 lést Hjálmar R. Bárðarson fyrrv. siglingamálastjóri. Samkvæmt erfðaskrá hans voru eftirtaldir erfingjar að eigum hans:

Byggðasafn Vestfjarða 10%

Landgræðsla ríkisins 30%

Þjóðminjasafn Íslands 10%

Sjóminjasafnið í Reykjavík 10%

Landgræðslusjóður 30%

Fuglaverndarfélag Íslands 10%

Ekki er enn fyllilega ljóst um hversu há upphæð er að ræða, en giskað hefur verið á að það séu um 170 milljónir sem koma til skipta. Mikið verk er fyrir höndum hjá skiptastjóra og hefur verið ráðinn starfsmaður til að hafa umsjón með verkinu. Einnig fékk safnið eintak af öllum bókum sem Hjálmar hefur gefið út sem eru fjölmargar, og ber þar hæst bækur um náttúru Íslands sem honum var mjög umhugað um.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig arfinum verður varið, þó hafa komið fram hugmyndir um að nota hluta hans til að gera við slippinn í Neðstakaupstað, en það var faðir Hjálmars, Bárður G. Tómasson sem byggði hann árið 1919.

Alla tíð var Hjálmar mjög hugleikin velferð og vöxtur Byggðasafns Vestfjarða sem faðir hans Bárður G. Tómasson átti hvað stærstan þátt í að koma á fót.

Minningarorð Siglingamálastjóra um Hjálmar R. Bárðarson



„Hjálmar Rögnvaldur Bárðarson fæddist á Ísafirði þann 8 júní 1918, sonur Bárðar G. Tómassonar sem var fyrsti íslenski skipaverkfræðingurinn og konu hans, Filippíu Hjálmarsdóttur. Hjálmar fetaði í fótspor föður síns og lauk prófi í skipaverkfræði frá DTH í Kaupmannahöfn árið 1947 og starfaði sem verkfræðingur fyrsta árið eftir það erlendis. Fyrst í Danmörku og svo í Englandi, m.a. við skipa- og stöðugleikaútreikninga íslensku nýsköpunartogaranna. Eftir það kom hann heim til Íslands og tók stöðu verkfræðings hjá Stálsmiðjunni í Reykjavík. Þar stjórnaði hann undirbúningi að því að hefja stálskipasmíði hjá fyrirtækinu, teiknaði og hafði umsjón með smíði dráttarbátsins Magna sem var fyrsta stálskipið sem til varð á Íslandi. Magni reyndist vel og gegndi hlutverki sínu fyrir Reykjavíkurböfn með miklum sóma í ríflega þrjátíu ár. Einnig gerði Hjálmar uppdrætti að varðskipinu Albert, auk fleiri skipa sem smíðuð voru hér heima og erlendis.

Árið 1954 var Hjálmar skipaður skipaskoðunarstjóri ríkisins og siglingamálastjóri frá 1970-1985. Á starfstíma sínum í opinberri þjónustu sinnti hann félaga- og nefndastörfum af mikilli alúð. Var enda fenginn til að taka sæti í fjölmörgum nefndum og ráðum á vegum ríkisins er sneru að skipa- og siglingamálum Íslendinga og var fulltrúi ríkisstjórnarinnar við ýmsa samninga um skipakaup erlendis. Einnig var Hjálmar fulltrúi landsins á ýmsum alþjóðlegum ráðstefnum er vörðuðu skyld málefni, einkum hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni og vann sér og Íslandi þar góðan orðstír. Hann var að mörgu leyti á undan sinni samtíð með skilningi á mengunarvörnum í hafi og öryggismálum fiskiskipa og hafði forgöngu um rannsóknir og þróun gúmmíbjörgunarbáta sem höfðu mikil áhrif á alþjóðlegar kröfur til gerðar

þeirra. Með árunum jukust störf Hjálmars á alþjóðlegum vettvangi, enda skildi hann mörgum öðrum betur mikilvægi þess að rödd Íslands eigi sér stað meðal þjóða heimsins.“

Nokkur ummæli gesta úr gestabók safnsins sumarsins 2009

Very interesting, very good entertainment !

Fascinating !

Imponerende samling af dragspel !

Very nice and well kept !

Cute Museum !

*So loveely exhibiton and fun ! The spirit of ancient Icelandic life is here.
Thank you, I have been to lot of folk museums, but this is probably the
best one*

I like how everything was cool to look at.

Glæsilegt og lifandi safn.

Wunderschön und sehr intressant !

Une superbe collection ´d´accordion